

Styrkt ljósleiðaravæðing lögheimila utan markaðsvæða í þéttbýli 2024-2026

Skilmálar fjarskiptasjóðs 2. júlí 2024.

1. Sveitarfélög sem innihalda styrkhæf heimilisföng fá send tilboð um styrk og lista yfir styrkhæfa staði frá fjarskiptasjóði. Senda þarf fjarskiptasjóði svar við þeim tölvupósti fyrir kl. 12:00, föstudaginn 16. ágúst 2024. Samið verður við áhugasöm sveitarfélög í kjölfarið. Gert er ráð fyrir einföldum samningum til eins árs sem verður hægt að framlengja til ársloka 2026.
2. Styrkurinn fer eingöngu til sveitarfélaga sem ráðstafa honum.
3. Styrkur er vegna jarðvinnu eingöngu, þ.e. verkþætti sem að jafnaði eru unnir af jarðvinnuverktökum, t.a.m. gerð lagnaleiða, lagningu röra, niðurstöðu jarðvegsbrunna og götuskápa. Styrkurinn má því ekki nýta til að greiða fyrir efni (rör, strengi, brunna o.s.frv.), tengivinnu, notendabúnað, rekstur eða viðhald.
4. Styrkhæf staðföng eru á heimilisföngum, þar sem skráð eru eitt eða fleiri lögheimili, sem ekki eru tengd með ljósleiðara og engin áform eru um slíka tengingu á markaðslegum forsendum samkvæmt niðurstöðu áformakönnunar Fjarskiptastofu fyrir á árinu. Fjarskiptastofa vann slíkan lista yfir heimilisföng fyrir fjarskiptasjóð og er hann með fyrirvara um villur s.s. vegna rangra skráninga.
5. Styrkur frá ríkinu er föst upphæð 80.000 kr. án VSK. fyrir hvert styrkhæft heimilisfang. Föst styrkupphæð fæst fyrir hvert tengt heimilisfang óháð því hve mörg lögheimili eru þar skráð. Styrkurinn verðbætist ekki. Sveitarfélag getur innheimt styrk vegna heimilisfangs þegar ljósleiðari er kominn inn fyrir húsvegg. Hvorki er gerð krafa um að sá ljósleiðari sé frágenginn hjá notanda eða hafi verið tekinn í notkun.
6. Greiddur verður út styrkur vegna styrkhæfra heimilisfanga sem tengd verða eftir 2. júlí 2024 þó að styrktarsamningur verði undirritaður síðar. Þetta er gert til að liðka fyrir framkvæmdum í sumar.
7. Sveitarfélögum og fjarskiptafyrirtækjum er það í sjálfsvald sett að innheimta tengigjöld hjá notendum og tengja önnur staðföng, s.s. atvinnuhúsnæði og veitumannvirki, þó fjarskiptasjóður meti þau ekki styrkhæf.
8. Tilkynnt áform fjarskiptafyrirtækja og opinberra aðila til Fjarskiptastofu eru skuldbindandi. Fjarskiptasjóður hefur ekki upplýsingar um slík áform og er það ekki hlutverk sjóðsins að veita slíkar upplýsingar.

9. Upplýsingar um styrki og skilmála sjóðsins kunna að hafa þau áhrif að fjarskiptafyrirtæki og opinberir aðilar vilji auka við þegar fram komin áform. Fjarskiptafyrirtæki og opinberir aðilar geta enn tilkynnt um slík aukin áform til Fjarskiptastofu sem uppfærir þá lista yfir styrkhæf heimilisföng og upplýsir fjarskiptasjóð og viðkomandi sveitarfélag. Til þess að tryggja enn frekar að listi yfir styrkhæf heimilisföng sé sem réttastur þá þarf sveitarfélag að kanna eftirfarandi áður en það hefur framkvæmdir á grundvelli styrks frá sjóðunum:
 - a. Hvort fjarskiptafyrirtæki hyggjast tengja viðkomandi heimilisföng á markaðslegum forsendum þrátt fyrir allt.
 - Ef upplýsingar um slíkt koma fram þá eru viðkomandi heimilisföng ekki lengur styrkhæf og skuldbinding fjarskiptasjóðs minnkar til samræmis.
 - b. Hvort fjarskiptafyrirtæki hyggjast leggja og tengja eigið ljósleiðaranet í skurði/lagnaleiðir sem sveitarfélagið kostar.
 - Ef eitt eða fleiri fjarskiptafyrirtæki eða opinber aðili býður sig fram þá eru forsendur fyrir sveitarfélagið að hefja framkvæmdir.
 - Ef ekkert fjarskiptafyrirtæki eða opinber aðili býður sig fram þá eru engu að síður forsendur fyrir sveitarfélag að hefja framkvæmdir, enda hyggst sveitarfélagið leggja og tengja eigið ljósleiðarakerfi.
10. Fjarskiptasjóður hefur ekki skoðun á því hvort lögð séu ljósleiðara-aðgangsneta sem byggja á P2P, GPON eða hvort tveggja. Jarðvinna skal þó taka mið af því að hægt sé að leggja P2P kerfi tilkynni fjarskiptafyrirtæki eða opinber aðili um áhuga að leggja slíkt net. Standi eingöngu til að leggja GPON þá má jarðvinna taka sérstaklega mið af slíkri hönnun.
11. Fjarskiptafyrirtækjum og opinberum aðilum sem þess óska skal standa til boða að leggja og tengja eigið ljósleiðaranet þar sem jarðvinna er styrkt með opinberu fé hvort heldur frá ríki eða sveitarfélagi. Slík aðgangskvöð er almennt ekki fyrir hendi þegar ljósleiðaravæðing fer fram á markaðslegum forsendum, nema ef viðkomandi framkvæmdaraðili ber sérstakar kvaðir þar að lútandi vegna umtalsverðs markaðsstyrks. Aðilar geta þó samið um samnýtingu ef svo ber undir.
12. Sveitarfélög geta sjálf staðið að undirbúningi og framkvæmd jarðvinnuþáttarins eða úthýst til þriðja aðila.
13. Sveitarfélög og fjarskiptafyrirtæki eru hvött til að haga hönnun ljósleiðarakerfa þannig að nýtist sem flestum staðföngum í viðkomandi þéttbýli.
14. Gert er ráð fyrir að ný heimilisföng, sem ekki voru á lista sem Fjarskiptastofa sendi út vegna áformkönnunar 19. mars 2024 verði tengd á markaðslegum forsendum, þ.e. þau bætast ekki á lista yfir styrkhæf heimilisföng.
15. Engar kvaðir hvíla á ríkinu eða sveitarfélögum um að útvega lögheimilum eða öðrum staðföngum ljósleiðaratengingu. Slík uppbygging fer að mestu fram á markaðslegum forsendum um land allt. Árangur af styrktri uppbyggingu ljósleiðaraneta utan markaðssvæða er því alfarið undir sveitarfélögum kominn.

16. Til að koma enn frekar til móts við mögulega fjárþörf sveitarfélaga vegna uppbyggingar fjarskiptainniða utan markaðssvæða, þá hefur fjarskiptasjóður ákveðið að falla frá eftirfarandi ákvæði í styrktarsamningum vegna Ísland ljóstengt sem gerðir voru 2017-2021 með því skilyrði að viðkomandi sveitarfélag noti a.m.k. hluta af því söluandvirðinu sem annars hefði verið endurgreitt til fjarskiptasjóðs til slíkrar uppbyggingar, t.d. að tengja lögheimili í dreifbýli sem ekki voru tengd á sínum tíma eða vinnustaði í þéttbýli, sé þörf á opinberum stuðningi við slíkt.

„Komi til þess að sveitarfélag selji ljósleiðarakerfið innan 10 ára frá styrkveitingu fyrir jafnháa eða hærri upphæð en sem nemur bókfærðum byggingarkostnaði, framreiknuðum til söludags samkvæmt byggingarvísitölu, þá skal það endurgreiða fjarskiptasjóði veittan styrk. Ef söluverð er lægra en nemur sama byggingarkostnaði þá skal á sama máta endurgreiða fjárhæð sem jafngildir hlutfalli styrks fjarskiptasjóðs í byggingarkostnaðinum. Gildir þetta óháð því hvort sveitarfélagið á kerfið að hluta eða öllu leiti beint eða óbeint í gegnum félag sem það á eitt eða með öðrum og selji hluti sinn í ljósleiðarakerfinu eða selji hlut sinn í félagi sem á ljósleiðarakerfið.“

Sjá lista yfir sveitarfélög/styrktarsamninga sem þetta á við um:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/fjarskipti/fjarskiptasjodur/styrkir-fra-2012-til-annarra-en-farice-ehf/>

17. Sveitarfélög bera ábyrgð á því að framfylgja reglum um ríkisstyrkta uppbyggingu ljósleiðaraneta, lögum um opinber innkaup og öðru viðeigandi regluverki eftir því sem við á.